



198. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 18. apríl 2012 kl. 12:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrússon, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Jón Gestur Viggósson, Helga H. Magnúsdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.

Forseti skýrði frá undirritun samninga Icelandair við ÍSÍ, KSÍ, KKÍ, HSÍ og GSÍ sem fram fór á Icelandair Hótel Natura í morgun, í tilefni þess að 100 dagar eru þar til Ólympíuleikarnir í London verða settir.

### 1. Afmæli ÍSÍ

Örn Andrússon formaður Afmælisnefndar ÍSÍ skýrði frá samstarfsverkefni við héraðsskjalasöfn um allt land en safna á saman ýmsum skjölum og efni tengdu íþróttahreyfingunni á landsvísu, til að varpa ljósi á sögu íþróttanna í landinu. Blaðamannafundur um verkefnið verður haldinn í Tryggvagötu 15 síðar í dag.

Undirbúningur Ólympíuviku í júní er í fullum gangi ásamt undirbúningur ýmissa kynningarmála, ráðstefna og fræðsluátaka.

Ábending kom um að bæta upplýsingaflæði á heimasíðu ÍSÍ varðandi viðburði sem framundan eru og tengjast afmæli ÍSÍ. Vísað til skrifstofu og starfsmanns Afmælisnefndar ÍSÍ til úrvinnslu.

### 2. Ólympísk verkefni

#### *Ólympíuleikarnir í London 2012*

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála. Fundað var með sérsamböndum í gær og farið yfir helstu mál varðandi undirbúninginn. Frá síðasta fundi hefur handknattleikslandslið karla tryggt sér þátttöku á leikunum, ásamt Óðni Birni Þorsteinssyni frjálsíþróttamanni og Eygló Gústafsdóttur sundkonu.

Rætt um nauðsyn þess að funda fljótlega með formönnum þeirra sérsambanda sem munu eiga keppendur á leikunum.

#### *Vetrarólympíuleikarnir í Sochi 2014*

Undirbúningur er hafinn. Fundað verður með fulltrúum Skíðasambands Íslands í maí.

Rætt um fjármál tengdum afreksmálum. Viðræður hafa átt sér stað við mennta- og menningarmálaráðuneytið og forsætisráðuneytið um auka fjárframlag til afreksmála.

### 3. Ályktun FRÍ, UMSK og SÍL vegna Íþróttamaður ársins

Lagðar fram ályktanir FRÍ, UMSK og SÍL vegna kjörs Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins. Fundur verður haldinn fljótlega, með fulltrúum Samtaka íþróttafréttamanna, vegna málsins.

### 4. Tilnefning í stýrihóp um innleiðingu stefnumótunar ríkisins í íþróttamálum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningu ÍSÍ um karl og konu í stýrihóp um innleiðingu stefnumótunar ríkisins í íþróttamálum.

Samþykkt að tilnefna Líneyju Rut Halldórsdóttur og Friðrik Einarsson.

## **5. Aðalfundur Íslenskrar getspár**

Aðalfundur Íslenskrar Getspár verður haldinn 23. apríl næstkomandi. Fulltrúar ÍSÍ á fundinum verða Ólafur Rafnsson, Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Örn Andrésson og Líney Rut Halldórsdóttir. Samþykkt að skipa eftirtalda fulltrúa í stjórn Íslenskrar getspár:

Aðalfulltrúar: Lárus Blöndal og Gunnar Bragason

Varafultrúar: Líney Rut Halldórsdóttir og Örn Andrésson.

## **6. Aðalfundur ANOC**

Forseti skýrði frá því helsta af aðalfundi ANOC, sem haldinn var í Moskvu í apríl síðastliðnum. Skýrsla verður lögð fram síðar.

## **7. Heiðranir**

Eftirfarandi heiðursveitingar voru samþykktar í gegnum tölvupóst:

Gullmerki ÍSÍ: Hreinn Halldórsson og Helgi Sigurðsson.

Merkin afhenti Garðar Svansson á ársþingi UÍA 15. apríl síðastliðinn.

Eftirtalin merki afhenti Hafsteinn Pálsson í 100 ára afmælskvöldverði USAH:

Gullmerki ÍSÍ: Adolf H. Berndsen

Silfurmerki ÍSÍ: Jóhann Guðmundsson, Unnar Agnarsson, Magdalena Berglind Björnsdóttir, Jón Jóhannsson og Guðmann Jónasson.

Friðrik Einarsson afhenti Jóhönnu Gunnlaugsdóttir Gullmerki ÍSÍ á ársþingi UMSE 24. mars síðastliðinn.

Gunnlaugur Jónasson afhenti Oddi Sigurðarsyni Gullmerki ÍSÍ á ársþingi USVH 29. mars síðastliðinn.

## **8. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 197. fundur framkvæmdastjórnar
- 6. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 22. mars 2012
- Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ frá 30. mars 2012
- Afreks- og ólympíusviðs frá 10. febrúar sl.

## **9. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn 31. maí kl. 16:00.

## **11. Önnur mál**

### **Ársreikningur ÍSÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ skýrði frá því að nú stæði yfir endurskoðun ársreiknings ÍSÍ fyrir árið 2011.

Gunnar skýrði einnig frá því að búið væri að undirrita kostnaðarskiptingu á milli ÍSÍ og UMFÍ vegna Felix.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.